

Eystrahorn

40. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 7. nóvember 2019

www.eystrahorn.is

Kirkjubæjarstofa á Kirkjubæjarklaustri hlýtur Menningarverðlaun Suðurlands 2019

Á ársþingi samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldið var á Hótel Geysi 24.-25. október var Kirkjubæjarstofa á Kirkjubæjarklaustri veitt Menningarverðlaun Suðurlands 2019. Verðlaunin eru samfélags- og hvatningarverðlaun á sviði menningar á Suðurlandi. Um er að ræða fyrstu menningarverðlaunin sem samtökin veita í þessari mynd, sem ná þvert yfir allan landshlutann.

Það voru alls 19 tilnefningar sem bárust af öllu Suðurlandi, mikil breidd var í tilnefningunum og í gæðum þeirra.

Í umsögn dómnefndar kemur fram að Kirkjubæjarstofa hefur unnið markvisst að eflingu Kirkjubæjarstofu með fjölbreyttum menningarverkefnum sem eru eins ólík eins og þau eru mörg. Kirkjubæjarstofa hefur auðnast að sinna menningarhluta starfseminnar einstaklega vel þar sem stuðlað er að þátttöku íbúa og gesta meðal annars með fjölbreyttum sýningum og verkefnum. Mörg þeirra



eru nýjungar og má þar nefna verndun menningarminja í formi söfnunar á ljósmyndum, þjóðsögum, örnefnum og skrásetningu þeirra. Framsetning afurða þeirrar vinnu hefur verið fjölbreytt, ýmist í formi heimasiðu, bókaútgáfu eða í formi ráðstefna. Þannig hefur Kirkjubæjarstofa einnig staðið að fjölda ráðstefna og málþinga undanfarin ár sem vakið hafa athygli og eftirtekt. Kirkjubæjarstofa hefur jafnframt lagt áherslu á menningu hjá

börnum og ungmennum og tengt saman kynslóðir af mismunandi uppruna.

Ólafía Jakobsdóttir tók á móti verðlaununum en hún er forstöðumaður Kirkjubæjarstofu og hefur verið það frá árinu 2003. Verðlaunin eru 300 þúsund krónur sem skulu fara í menningarverkefni á vegum Kirkjubæjarstofu. Hjá Kirkjubæjarstofu eru fjórir starfsmenn. Kirkjubæjarstofa hefur ásamt fleirum unnið markvisst að því að koma

á fót þekkingarsetri á Kirkjubæjarklaustri. Nú hefur verið úthlutað fjármagni úr Byggðaaáætlun 2018-2024 samtals kr. 67.500.000.- á næstu þremur árum til þess verkefnis. Þekkingarsetrinu er ætlað að vera öflugur vettvangur Kirkjubæjarstofu, Erróseturs, sveitarfélagsins Skaftárhrepps og margra aðila sem koma til með að sinna rannsóknum, fræðslu, listsköpun og menningu og stuðla að eflingu búsetu og atvinnulífs á svæðinu.

Tónskóli A-Skaft. 50 ára


Þann 1. desember 1969 var Tónlistarskóli Hafnarkauptúns settur í fyrsta sinn, 10 árum síðar fluttist skólinn í Sindrabæ og hefur verið þar síðan. Árið 1981 var samþykkt að breyta nafni skólans í Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu. Í tilefni afmælisins ætlum við að vera með tónleika og kaffisamsæti handa gestum og gangandi þann dag, þ.e 1. desember. Tónskólinn byrjaði í haust um leið og grunnskólinn og hófu þá 63 nemendur nám. Því miður urðum við að setja 3 söngnemendur til hliðar þar sem söngkennarinn okkar hún María er í fæðingarorlofi og ekki fékkst kennari í hennar stað. Að öðru leyti er góður gangur í kennslunni. Samhliða einkakennslu á hljóðfæri eru kenndar tónfræðagreinir og svo er starfandi öflug lúðrasveit bæði fyrir yngri og eldri nemendur. Tónskólinn er reglulega með nemendatónleika sem haldnir eru í Sindrabæ og öllum er frjálst að koma og fylgjast með. Við auglýsum þessa tónleika



á feisbókarsíðunni okkar sem heitir Tónskóli Austur-Skaftafellssýslu.

Eins og fyrr segir ætlum við að bjóða í afmælisveislu þann 1. desember með tónleikum þar sem nemendur og kennarar koma fram og hafa kaffiveitingar á eftir.

Einnig munum við halda sérstaka tónleika í vetur, með burtflognum fyrrum nemendum okkar og atvinnu tónlistarfólki. Núverandi nemendur verða þó í aðalhlutverki í vetur til að minnst tímamótanna.



Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Auglýsing um framkvæmdaleyfi

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur samþykkt að veita framkvæmdaleyfi vegna lagningu göngustígs ásamt útsýnispalli og upplýsingaskilta við Ölduslóð í Öræfum og að verkið skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/ 2000. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 6. desember 2019.

Höfn í Hornafirði 30. október 2019
F.h. bæjarstjórnar, Gunnlaugur Róbertsson
skipulagsstjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður / Halnarbraut 27 / Sí. 4708000 / www.hornafjardur.is

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



FIMMTUDAGUR 7.NÓV.

Í kvöld heldur félagsvistin áfram kl. 20:00.

Aðgangseyrir 1000 kr. Góð verðlaun og heitt á könnunni. Mætið vel og tímanlega.

Dans- og spilanevndin.

JÓLATÓNLEIKAR FEH - Undir Vatnajökli verða sunnudaginn **1.des.** Meðal þeirra sem fram koma eru: Söngdíván Guðrún Árný og afi hennar Jón Hilmar söngvari og harmóníkuleikari frá Þinganesi. Gleðigjafar. Systurnar Dagmar Lilja og Elín Ósk. Ekrubandið ofl.

Fylgist með auglýsingum.

29. OG 30. NÓVEMBER

BRAGI SPILAR LÉTTA TÓNA Á NEKKUNNA

FÖRÐRUKKUR FRÁ 19:30

Z-BISTRO

HUMARSÚPA HÚSSINS	HVÆGLDÚS KALKÚNABRINGA MEÐ APPELSÍNUGLJÁA OG SALVÍV, SÆTKARTÖFLUMÚS MEÐ PEKANKURLI OG GRÆNMETI	RIS Á LA MANDE OG MÖNDLUGJÖF
GRAFÍN LAXARÓS MEÐ SINNESSÓSU		ANANASFRÓMAS
NAUTATARTR		HEIMAGERÖUR PIPARKÖKÚS MEÐ KARAMELLUSÓSU
TVÍREYKT HANGIKJÖT Á LAUFABRAUÐI MEÐ PIPARRÓTARKREMI	LAMBAFILLE BORIÐ FRAM MEÐ BAKAÐRI KARTÖFLU, TZARZIKI OG GRÆNMETI	

VERÐ: 6900 KR.

BOÐAPANTANIR Í SÍMA 478-2300 EÐA ZBISTRO780@GMAIL.COM



Frumherji

Bifreiðaskoðun á Höfn

11., 12. og 13. nóvember.

Tímappantánir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 8. nóvember.

Ath. breyttur tími frá fyrri upplýsingum. Síðasta skoðun ársins.

Frumherji

Þegar vel er skoðað

LILJA

Boutique



Bohème®

Verslunin
LILJA Boutique
verður með
fatasölu á
Gistiheimilinu Höfn
laugardaginn 9. nóv
frá kl. 11:00-18:00
Allir hjartanlega velkomnir

Ólöf Kristín Ólafsdóttir augnlæknir verður með stofu á heilsugæslustöðinni þann **18. nóv. nk.**

Tímappantánir í síma 470-8600 virka daga.
Tekið er við kortum.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlarent
ISSN 1670-4126



Í TÍLEFNI AF 20 ÁRA AFMÆLI FRÆDSLUNETSINS
ER YKKUR BODIÐ Á FRÆDSLUPERINDI UM
UMHVERFISMÁL:

UMHVERFIÐ OG VIÐ

ELÍSABET BJÖRNEY LÁRUSDÓTTIR
UMHVERFISFRÆÐINGUR

FJALLAR UM HVERNIG FRAMLAG
EINSTAKLINGA TIL UMHVERFISMÁLA SKIPTIR
MÁLI OG SETUR ÞAÐ Í SAMHENGI VIÐ STÓRU
LOSUNARTÖLURNAR OG HVERNIG
EINSTAKLINGAR GETA UMBYLT KERFUM.

Allir velkomnir.

NÝHEIMUM HÖFN
FIMMTUDAGINN
21. NÓVEMBER KL. 20

Fyrsti sigur MFL. karla í körfubolta á þessum vetri

Sindri sigraði Skallagrím
í Borgarnesi 71-80
sunnudaginn 3. nóvember og
eru því komnir áfram í 16. liða
úrslit Geysisbikarsins.

Sindramenn komu ekki
nógu vel stemmdir til leiks í
upphafi og náði Skallagrímur
mest 13 stiga forustu í fyrri
hálfleik. Sindramenn náðu
þó að klóra í bakkann og
réttu stöðuna af fyrir hálfleik
og gengu Skallagrímismenn
með 6 stiga forustu inn til
búningsherbergja eftir fyrri hálfleikinn.

Það var svo jafnt á flestum tölum í þriðja leikhluta en það var í þeim fjórða sem Sindramenn settu í fluggírinn og fóru með sigur af hólmi, 15-31. Mestu munaði um framlag Ignas í þeim leikhluta en hann hafði ekki náð sér á strik í fyrri hálfleiknum.

Það var hins vegar Svartfellingurinn Stefan Knezevic sem var maður leiksins með 10 stig, 11 fráköst og 7 stoðsendingar. Frábær alhliða leikur þar á ferð. Árni Birgir var stígahæstur og bætti við 15 stigum og 6 fráköstum á aðeins 17 mínútum spiluðum, André var með 13 stig, Ignas 12, Arnar Geir 11, Gísli 7 og Ivan og Eric 6 stig hvor.

Dregið verður í 16 liða úrslit Geysisbikarsins fimmtudaginn 7. nóvember og verður fróðlegt að sjá hverjir verða næstu andstæðingar Sindra.

Næsta verkefni í 1. deildinni er heimaleikur á móti Snæfell föstudaginn 8. nóvember klukkan 20:00 og hvetjum við alla til að mæta og hvetja Sindra áfram.



Jólahlaðborð á Fosshótel Vatnajökli

Verð 9.900 kr. á mann

Jólahlaðborð aðeins 9.900 kr. á mann

Gisting fyrir tvo með morgunverði
og jólahlaðborði aðeins 31.000 kr.*
· Aukanótt m/morgunmat 12.000 kr.

*Verð í eins manns herbergi 18.900 kr.

7. des og 14. des

Jólaréttir:

Grafinn og reyktur lax,
marineruð síld, dönsk lifrakæfa,
skelfisksalat með sítrusávöxtum,
hangikjöt, hamborgarhryggur,
purusteik, grillað lambalæri,
súkkulaðikaka með hindberjasósu,
ris a la mande, crème brûlée, o.fl.



Hópar í árs hátíðarferðir, á fundi og hópeflisferðir eru velkomnir allan ársins hring.

Pantanir í síma 478 2555 og á vatnajokull@fosshotel.is

FOSSHOTEL
VATNAJÖKULL

UNDIRBÚÐU JÓLIN Í NETTÓ!

Fylltur grísabógur
Kjötsel

1.079 KR/KG
ÁÐUR: 1.798 KR/KG

-40%



-36%

Sagaður hangiframpartur
KEA

1.196 KR/KG
ÁÐUR: 1.869 KR/KG



-20%

Heill lambhryggur
Kjötborð

2.398 KR/KG
ÁÐUR: 2.998 KR/KG



Súkkulaði
jólakúlur
400 gr

599 KR/PK



Jóladagatöl
Mars - Maltesers - Galaxy

599 KR/STK



**LJÚFFENGT GÆÐAKJÖT
Á TILBOÐSVERÐI!**

Léttreyktur
lambhryggur
Kjötsel

2.729 KR/KG
ÁÐUR: 3.898 KR/KG

-30%



Piparkökur

299 KR/PK



Katla glassúr
500 ml - 5 litir

1.199 KR/PK



Lambafille
Tvö saman - Fjallalamb

4.479 KR/KG
ÁÐUR: 5.599 KR/KG



Ítalskt Filone brauð
Nýbakað

298 KR/STK
ÁÐUR: 459 KR/STK

-35%



Sætar kartöflur

195 KR/KG
ÁÐUR: 389 KR/KG

-50%



VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 7. - 10. nóvember
Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**ÓDÝRAST Á NETINU
Í VEFVERSLUN NETTÓ***

*Skv. könnun Fréttablaðsins

nettó
í jólaskapi

